

Reykjavík 31. mars 2023

Atvinnuveganefnd Alþingis

Stefán Vagn Stefánsson formaður

Efni: Umsögn Landssambands smábátæigenda (LS) um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006, með síðari breytingum (tilhögun strandveiða). [105. mál.](#)

Frumvarpið gerir ráð fyrir að aflétta dagatakmörkunum við strandveiðar. Í stað fjögurra daga í viku hverri [mánudaga – fimmtudaga]. Jafnframt sem frumvarpinu er gert að tryggja rétt smábátæigenda til veiða í 48 daga á strandveiðitímabilinu.

Í greinargerð með frumvarpinu er réttilega bent á að árin 2018 og 2019 hafi strandveiðibátum ekki tekist að veiða allt það aflamagn sem þeim var áætlað. Af þeim sökum hefðu verðmæti tapast og er breytingunni ætlað að koma í veg fyrir það.

Að loknum strandveiðum næstu árin 2020, 2021 og 2022 var þessu öfugt farið. Þrátt fyrir að bætt hefði verið við áætlaðan afla sem ætlað var til strandveiða dugði það ekki til. Strandveiðar voru stöðvaðar 19. ágúst árið 2020, 18. ágúst árið 2021 og 21. júlí 2022.

LS styður frumvarpið, en leggur til að auk þeirra breytinga sem ráðgerðar eru verði lokamálsliður 2. mgr. felldur brott.


Arthur Bogason formaður

Virðingarfyllt


Örn Pálsson framkvæmdastjóri